

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar í Garðabæ.

Breyting deiliskipulags Búðahverfis.

Breytingin nær til lóðarinnar að Smiðsbúð 2 og felur í sér að heimilt verður að koma fyrir fjarskiptabúnaði (gsm-loftneti) á mæni hússins. Hámarkshæð masturs er 4,5 m.

Breyting á deiliskipulaginu Ásar – Grundir.

Breytingin nær til lóðarinnar að Lyngási 20 og felur í sér að heimilt verður að koma fyrir fjarskiptabúnaði (gsm-loftneti) á mæni við vesturgafli hússins. Heildarhæð búnaðar er 3 m upp fyrir þakbrún við mæni.

Breyting á deiliskipulaginu Hraunsholt eystra (Fitjar – Hólar).

Breytingin nær til lóðarinnar Lækjarfit 15 og felur í sér að bílastæði á lóðinni eru færð að lóðarmörkum verstanverðum, þ.e. mörkum lóðar nr. 13 við Lækjarfit. Mörk byggingarreits breytast vegna færslu bílastæðanna.

Breyting á deiliskipulaginu Arnarnesland – Akrar.

Breytingin nær til lóðarinnar Maltakurs 1, 3 og 5 og gerir ráð fyrir 28 minni íbúðum í tveggja hæða húsum á tveimur lóðum. Lóðir nr. 3 og 5 við Maltakur eru sameinaðar. Bílgeymslur verða staðsettar neðanjarðar verði þær byggðar. Í gildandi deiliskipulagi var gert ráð fyrir 18 íbúðum í þremur tveggja hæða húsum á þremur lóðum.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingar þessar öðlast þegar gildi

Garðabæ, 21. apríl 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2008